

Minnispunktur – munnlegt próf.

Dregur eitt spjald áður en aksturinn hefst, með fimm spurningum. Má hafa tvær rangar.

Viðvörðunarljós: Ef ljós er rautt á að stöðva bílinn strax á öruggum stað. Ef ljós er gult má halda akstri áfram, til dæmis að næsta verkstæði.

Spurt um mæla og gaumljós í mælaborði

- Eldsneytismælir
- Hiti – ofhiti kælikerfis
- Hraðamælir – km teljari, snúningshraðamælir
- Þokuljós, aftan/framan
- Dagljós, aðalljós – há og ljág ljós – stöðuljós
- Hemla ljós
- Smurljós
- Hleðsluljós
- Hættuljós – reglur um notkun
- Ljós sem skylda er að hafa á bifreið.
 - **Að framan:**
 - Stöðuljós
 - Stefnuljós
 - Aðalljós með háum og lágum geisla (þokuljós að framan er val)
 - **Að aftan:**
 - Bakkljós
 - Númeraljós
 - Stefnuljós
 - Aðalljós
 - Bremsuljós
 - Glitaugu
 - Þokuljós



Stöðuljós, Ljós sem notuð eru á meðan bílinn er í gangi og í kyrrstöðu.



Aðalljós, Ljós sem notuð eru við almennan akstur, ljósin eru bæði að framan og að aftan.



Háljós, Ljós sem má bara nota utan þéttbýlis, háuljósín eru birtu meiri en aðalljósín og ef mætt er bíl þarf að lækka þau.



Olíuljós, Þegar þú sérð þetta ljós í mælaborðinu þarftu strax að keyra út í kant og drepa á bílnum, því það tekur stuttan tíma að eyðileggja vélina.



Vélarljós, Getur birst af nokkrum ástæðum:

1. getur verið lágur olíuprýstingur
2. Ofhitnun vélarinnar
3. getur tengst bensínlokinu og að það sé opið eða ónýtt.

- Ef ljósið blikkar getur það verið alvarlegra og þú þarft þá strax að fara út í kant og drepa á vélinni



Bremsuljós, Þetta ljós er:

1. Ljós fyrir handbremsuna
2. Ljós fyrir ef að það er eitthvað að bremsunum (ss ef þú ert ekki með handbremsu og þetta ljós logir ennþá getur það þýtt að eitthvað sé að bremsunum)



ABS bremsukerfi(hemlalæsisvörn) virkar ekki. Það þýðir ekki að bremsukerfi bifreiðarinnar sé bilað heldur eingögnu ABS vörnin(læsisvörnin)



Eldsneytisljós



Hitastig kælivatns er orðið of hátt og ber að stöðva bílinn strax og drepa á vélinni. Mikilvægt er að láta kælivatnið kólna áður en vatnskassinn er opnaður. Sé vatnskassinn opnaður

heitur getur heitt vatn gosið úr vatnskassanum og brennt einstaklinginn. Bíða í 10 mínútur á meðan kælivatnið kólnar og bæta síðan vatni eða frostlegi á vatnskassann. Ef hitinn helst óbreyttur, hækkar ekki, er óhætt að keyra. Hækki hitinn hinsvegar, þarf að stoppa bílinn og koma honum á verkstæði.



enginn hleðsla á rafgeymi, alternator gæti verið bilaður eða rafgeymir ónýtur.



Öryggispúðar(airbag) óvirkir.



Olíuþrýstingur er of lágur(vélin smyr sig ekki) þegar þetta ljós kviknar skal stöðva vélina STRAX. Ganga frá bifreiðinni með hættuljósum og viðvörunarþríhyrning. Athuga skal olíumagnið á vélinni. Ef olíumagnið er of lítið/ekkert má ekki keyra bílinn, bæta þarf olíu á vélina. Athuga hvort viðvörunarljós í mælaborði slökkni. Ef ljósið fer má keyra bílinn annars þarf að flytja bílinn á verkstæði(ekki keyra hann).



Þokuljós framan



Þokuljós aftan

Þokuljós ,(má bara nota utanbæjar í slæmu skyggni) sekt er við notkun þokuljósa innanbæjar. Þokuljó að aftan er skyldubúnaður en að framan er valbúnaður.



Vélarhitari á dísel bílum. Ekki skal setja í gang fyrr en þetta ljós hættir að loga.



Hálkuvörn á eða af. Hálkuvörn minnkar hættuna á að bifreiðin skriki til í hálku eða bleytu.



Fjór hjóladrif á



Afturrúðuhitari.



Belti ekki spennt.

Miðstöð, þurrkur, rofar o.fl.

- Aðalljósarofi
- Þokuljósarofar
- Stýrslæsing
- Stuðningsafl við sýri og hemla (ef bíllinn drepur á sér verður þúngt að stýra og stíga á bremsur.
- Útvarp
- Miðstöð – inni/útiloft
- Þurrkur – rúðupiss – letingi (letingi er tímastillingin á rúðupurrkunum)
- Rúðuhitari.

Öryggisbúnaður

- Stillingar á sæti og á baksýnis- og hliðarspeglum, útsýni
- Sæti – bak – hnakkapúði
- Stilling stýris
- Inni og útispeglar – rofar
- Útsýni
- Farangur
- Notkun öryggisbúnaðar, gerð hans og virkni
- Öryggisbelti
- Hæðarstilling á belt – strekking – slit
- Stýri, öryggispúði og gaumljós (viðvörðunarljós í mælaborði)
- Virkni hemla og prófun – má bara fara 2/3 niður að gólfi
- ABS og gaumljós (viðvörðunarljós í mælaborði)
- Eftirvagnar, þyngdir.
- Lestur skráningarskírteinis

- Leyfðir eftirvagnar með B-flokki

Húdd, skott og dekk

- Gangur og viðhald vélar, vökvar – opna vélarhlíf
- Olíumæling(hvar olía er mæld)
- Forðabúr smurolíu og rúðuvökva(hvar er fyllt á olíur og vökva)
- Eldsneyti bílsins – opna eldsneytislok
- Hjólbarðar – rúðupurkur
- Mynsturdýpt(lágmark 3mm fyrir vetrardekk, en 1,6 mm fyrir sumardekk)
- Loftþrýstingur (sést í bensínloki hver loftþrýstingur í dekki á að vera, sé loftþrýstingur of mikill eða of lítill minnkar snertiflötur hjólbarðanna og um leið veggrip þeirra. Yfirleitt eru upplýsingar um réttan loftþrýsting að finna í handbók bílsins)
- Slit á dekkjum, slitmörk
- Rúðupurkur, slit – hreinsun
- Hjólbarðaskipti og notkun viðvörunarþríhyrnings – opna skott
- Finna varadekk, viðvörunarþríhyrning, tjakk og felgulykil
- Lýsa hjólbarðaskiptum
 - Setja bílinn í gír, handbremsa
 - Setja viðvörunarþríhyrninginn 50-100 m fyrir aftan bílinn
 - Losið um allar felgurærnar, en taka þær ekki af.
 - Ná í varahjólbarðann og tjakkinn. Stillið tjakknum undir bílnum. Upplýsingar um hvar hann er að finna og hvar á að setja hann undir er í eigandahandbókinni.
 - Lyftið bílnum þar til hjólbarðinn, sem skipta á um, er í lausu lofti
 - Skrúfið felgurærnar af og takið sprungna hjólbarðann undan.
 - Setjið varahjólbarðann undir og skrúfið rærnar af.
 - Slakið bílnum niður, takið tjakkinn undan og herðið allar rærnar aftur.
- „Aumingi“ – hraði – notkun(varadekk sem er ekki í fullri stærð, lægri hámarkshraði)
- Notkun þríhyrnings(Nú er skylda að setja upp viðvörunarþríhyrninginn og kveikja á hættuljósi ef ökutæki er stöðvað vegna umferðaróhapps eða vélarbilunar eða af öðrum orsökum á stað þar sem bannað er að stöðva ökutæki eða leggja því.)

Keyrsla – verklegt próf

- Passa að sjáist vel út um aftur rúðuna.
- Stöðvunarskylda, öll hjól stoppa, stoppa fyrir framan línuna.
- Hraðinn, aldrei að fara svo mikið sem einn yfir hraða.
- Gangbrautarréttur. Stoppar alltaf ef einhver biður við eða er að fara af stað yfir gangbraut.

- Hægri réttur vs. Biðskylda/stöðvunarskylda. Ef farið er inn í rólegt hverfi er verið að tékka á hægri rétti. Þarf að sjást að þú kíkir.
- Stýrisgrip, alltaf. Ekki krossa hendur
- Blindi punkturinn, sýna vel að kíkt er aftur fyrir sig við akreinaskipti.
- Stefnuljos, alltaf. Líka innan bílastæðis. Hæri réttur innan bílastæðis.
- Ekki fara yfir á rauðuljosi. Ekki taka af stað á gulu ljósi, bíða eftir að græna er komið.
- Halda sig hægra megin á akreinum. Ef tvær beygjuakreinar eru, notast við hægri.
- Hringtorg, stefnuljós inn á ytri hring.
- Hraði gildir frá umferðarmerkinu.
- Bakkað að likum í stæði, ef prófdómari biður um það.
- Ganga frá bíl, setja í gír, drepa á bílnum, sleppa kúplingu, sleppa bremsu, setja í handbremsu.